



Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

17. apríl 2020

Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í mars 2020 og borið þær saman við tölur frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020. Tilgangur greiningarinnar er að reyna að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda.


Allar tölur sem fjallað er um hér að neðan má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi.

Fjöldi tilkynninga

Í mars 2020 bárust alls 1.009 tilkynningar til barnaverndarnefnda. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 1.135 tilkynningar og minnst 810 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal tilkynninga á umræddu tímabili 955.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því aðeins yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð.




Fjöldi tilkynninga gegnum 112

Þegar skoðaðar eru tilkynningar sem bárust gegnum 112 þá bárust í mars 2020 alls 68 tilkynningar til nefnda gegnum neyðarnúmerið. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 á einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á umræddu tímabili 80.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 sem barst gegnum 112 er því aðeins undir meðaltali síðustu 14 mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að tölur eru innan hefðbundinna sveiflna hjá Reykjavík. Á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi tilkynninga í mars 2020 nálægt því sem hann hefur verið mestur á því tímabili sem er hér til samanburðar, en á landsbyggðinni er fjöldi tilkynninga í mars jafn margar tilkynningar og þegar þær voru fæstar á tímabilinu.




Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu

Í mars 2020 bárust alls 73 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 74 tilkynning tilkynningar og minnst 41 tilkynning á einum mánuði þar sem barn er talið í yfirvofandi hættu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 56.

Fjöldi slíkra tilkynninga í mars 2020 er því töluvert yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar greindar eru tölur um bráðatilkynningar fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá eftirfarandi:

1. Bráðatilkynningar til nefnda á landsbyggð eru helmingi færri í mars 2020 en berast að meðaltali á einum mánuði.
2. Bráðatilkynningar til barnaverndarnefndar Reykjavíkur eru nokkuð yfir meðaltali en þó hafa borist jafnmargar bráðatilkynningar til nefndarinnar á sama tímabili og bárust í mars 2020.




Fjöldi barna sem tilkynnt er um

Í mars 2020 bárust tilkynningar um alls 795 börn. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðaltal barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764.

Fjöldi barna sem tilkynnt er um í mars 2020 er því aðeins yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi barna sem tilkynnt er um til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð.



Hverjir tilkynna


Barn

Í mars 2020 bárust alls 17 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem barn hefur sjálft samband. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 frá barni sjálfu eru því ríflega þrefalt fleiri en berast nefndum að meðaltali í hverjum mánuði og töluvert fleiri en bárust mánaðarlega alla þá mánuði sem samanburðurinn tekur til. Er því vísbending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda frá börnunum sjálfum sé að fjölga töluvert.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur eru innan hefðbundinna sveiflna hjá höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Ofangreinda fjölgun á tilkynningum gegnum frá barni sjálfu virðist því einna helst mega rekja til fjölgunar á slíkum tilkynningum til barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hvort tilkynningum frá börnum heldur áfram að fjölga og ef svo er á hvaða svæðum sú fjölgun verður.




Foreldrar

Í mars 2020 bárust alls 92 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 frá foreldrum barns eru því töluvert yfir meðaltali á því tímabili sem notað er til samanburðar en litlu hærrí en hæsta gildi mánuðina á undan. Er því ekki hægt að fullyrða að tilkynningum frá foreldrum sjálfum sé að fjölga. Þó er vísbending um að svo kunni að vera og ástæða er til að fylgjast sérstaklega með tölum næstu mánuði í þessum efnum.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð eru yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil.



Skóli


Í mars 2020 bárust alls 140 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá skólum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði frá skólum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 140.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 frá skólum eru því jafnmargar og bárust að meðaltali síðustu 14 mánuði á undan.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar frá skólum til barnaverndarnefndar Reykjavíkur eru aðeins yfir meðaltali, aðeins undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð eru þær jafnmargar og bárust að meðaltali á samanburðartímabili.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá skólum fækkar almennt verulega þá mánuði sem skólahald liggur niðri og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir vetrarmánuði eru því iðulega yfir meðaltali.

Sérstök ástæða er til þess að fylgjast með þróun í þessum efnun þegar skólahald kemst í eðlilegra horf í byrjun maí.



Leikskóli/dagforeldri


Í mars 2020 bárust alls 13 tilkynningar til barnaverndarnefnda leikskólum/dagforeldrum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 19.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 frá leikskólum/dagforeldrum eru því töluvert færri en og bárust að meðaltali síðustu 14 mánuði á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að helmingi færri tilkynningar bárust frá leikskólum/dagforeldrum á höfuðborgarsvæði en bárust að meðaltali síðustu 14 mánuði og tveimur þriðju færri á landsbyggðinni og eru nálægt neðstu gildum á samanburðartímabili. Tölur í Reykjavík eru mjög nálægt meðaltalstölu.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá leikskólum/dagforeldrum fækkar almennt verulega yfir sumarmánuði og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir vetrarmánuði eru því iðulega yfir meðaltali.

Sérstök ástæða er til þess að fylgjast með þróun í þessum efnun þegar skólahald kemst í eðlilegra horf í byrjun maí.




Nágrannar

Í mars 2020 bárust alls 84 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá nágrönnum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 80 tilkynningar og minnst 48 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 65.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 frá nágrönnum eru því töluvert fleiri en berast nefndum að meðaltali í hverjum mánuði og aðeins fleiri en bárust mánaðarlega alla þá mánuði sem samanburðurinn tekur til. Er því vísbending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda frá nágrönnum sjálfum sé að fjölga eitthvað.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að þeim fjölgar mest í Reykjavík, aðeins á höfuðborgarsvæðinu en fækkar samanborið við meðaltal á landsbyggðinni. Í Reykjavík er talan mjög svipuð og hæsta gildi í samanburðarmánuðum.




Ættingjar

Í mars 2020 bárust alls 61 tilkynning til barnaverndarnefnda frá ættingjum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 tilkynningar og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því nokkuð yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum frá nágrönnum fjölgar nokkuð í Reykjavík og á landsbyggð miðað við meðaltal en fækkar nokkuð á höfuðborgarsvæði.




Lögregla

Í mars 2020 bárust alls 337 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá lögreglu. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynningar á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því nokkuð undir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í Reykjavík eru tilkynningar frá lögreglu í mars 2020 jafnmargar og lægsta gildi á samanburðartímabili og nokkuð undir meðaltali. Þær eru aðeins yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og rétt undir meðaltali á landsbyggð. Allar tölur eru þó innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Ástæða er til þess að fylgjast með þróun í þessum efnum næstu vikur og mánuði og meta hvort tilkynningum frá lögreglu mun áfram fækka í Reykjavík.




Heilbrigðisstofnun

Í mars 2020 bárust alls 113 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá heilbrigðisstofnunum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því aðeins yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum eru aðeins yfir meðaltali í Reykjavík og á landsbyggð en aðeins undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu.




Aðrir

Í mars 2020 bárust alls 107 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá öðrum aðilum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því nokkuð yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð, en fjöldi tilkynninga í Reykjavík er aðeins hærri en þegar flestar tilkynningar bárust fyrir það tímabil sem hér er skoðað.



Önnur bvn og félagsþjónusta

Ekki er að sjá að markverðar breytingar verði á fjölda tilkynninga sem berast frá annarri barnaverndarnefnd eða félagsþjónustu.


Efni tilkynninga

Ofbeldi

Í mars 2020 bárust alls 299 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi ofbeldi gegn börnum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því nokkuð yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan og fleiri á mánuði en allt tímabilið á undan sem samanburðurinn nær til.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur eru allar yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil en er þó ávallt vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.



Tölur varðandi líkamlegt ofbeldi eru alls staðar nokkuð hærri en að meðaltali á mánuði síðustu 14 mánuði á undan, mestur er munurinn á höfuðborgarsvæðinu en minnstur á landsbyggðinni.

Tölur varðandi tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi eru örlítið hærri en að meðaltali á mánuði síðustu 14 mánuði á undan, aðeins undir meðaltali í Reykjavík, nánast í meðaltali á höfuðborgarsvæði en nokkuð yfir meðaltali á landsbyggð.

Tölur varðandi *heimilisofbeldi* eru örlítið hærrí en að meðaltali á mánuði síðustu 14 mánuði á undan, sérstaklega á landsbyggðinni.

Tölur varðandi kynferðislegt ofbeldi eru nokkuð yfir meðaltali síðustu 14 mánuði á undan og er munurinn mestur á landsbyggðinni og minnstur á höfuðborgarsvæðinu (er nánast sami og meðaltalið).


Er því vísbending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda um ofbeldi sé að fjölga. Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.

Vanræksla

Í mars 2020 bárust alls 450 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi vanrækslu. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 um vanrækslu er því nokkuð yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar til Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðis vegna vanrækslu eru nokkuð yfir meðaltali en örlítið undir meðaltali á landsbyggðinni. Allar tölur eru þó innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.



Sérstaklega virðist fjölga tilkynningum þar sem vanræksla er varðandi *umsjón og eftirlit barna* í Reykjavík, *foreldrar eru í neyslu* á höfuðborgarsvæði og landsbyggð, og *varðandi líkamlega vanrækslu* á landsbyggð.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* eru í heildina aðeins fleiri en að meðaltali undanfarna 14 mánuði.

Tilkynningar er varðar *vanrækslu varðandi nám* eru undir meðallagi miðað við undanfarna 14 mánuði.

Almennt því vísending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda um vanrækslu sé að fjölga. Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.


Áhættu hegðun barns

Í mars 2020 bárust alls 249 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhættu hegðun barns. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar á einum mánuði áhættu hegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því nokkuð undir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum um áhættu hegðun barns fækkar nokkuð í Reykjavík og á landsbyggðinni miðað við meðaltal síðustu 14 mánaða á undan en fækkunin er minni á höfuðborgarsvæðinu.

Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður að þessu leyti.



Ófætt barn

Í mars 2020 bárust alls 11 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhyggjur af ófæddu barni. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 12 tilkynningar og minnst 2 tilkynningar á einum mánuði vegna ófæddra barna og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7.

Fjöldi tilkynninga í mars 2020 er því nokkuð yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum varðandi ófædd born fjölgar fyrst og fremst á landsbyggðinni og er jafnhá hæstu gildum síðustu 14 mánuði.

